

með lögveði í húseigninni, án tillits til eigendaskipta, næstu þrjú ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún frá 3. maí 1945 og breytingu frá 1. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1974.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

7. mars 1974.

Nr. 99.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 10. júlí 1972.

Frá og með 18. mars 1974 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 10. júlí 1972.

Samkvæmt því fellur niður ákvæðið um sérstakt afhendingargjald fyrir sérlyf. Þess í stað fer um afhendingargjald sérlyfja eftir reglum vinnugjaldskrár í Lyfjaverðskrá I.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

7. mars 1974.

Nr. 100.

AUGLÝSING

um breytingu við Lyfjaverðskrá I nr. 1 frá 10. júlí 1973.

Ný vinnugjaldskrá nr. 1 c tekur gildi frá og með 18. mars 1974. Jafnframt er úr gildi felld vinnugjaldskrá nr. 1 b frá 15. nóvember 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.